

Til fróðleiks fyrir neytendur um mælitæki.

Neytendur eiga rétt á því að mikilvægustu mælitæki sem þeir greiða eftir séu löggilt og réttilega merkt. Ef mælitæki eru löggildingarskyld hefur verið sett reglugerð um eftirlit með þeim.

Hvaða mælitæki er skyld að löggilda?

Notkun mælitækja ræður hvort þau eru löggildingarskyld. Vogir, vatnsmælar, raforkumælar, mælikerfi fyrir eldsneytisskammtara tankbifreiðar og mjólk, vínmál eru löggildingarskyld í viðskiptum, en nánari ákvæði um notkun er að finna í reglugerðum um eftirlit. Veitufyrirtækin hafa heimild til að reka innra eftirlit með vatns- og raforkumælum í stað löggildinga.

Hvernig sést að mælitæki sé löggilt?

Þegar mælitæki er löggilt er festur á það löggildingarmiði. Miðinn fyrir vogir og mælikerfi er gataður í gegnum ártal og mánaðarnúmer til að sýna lok löggildingartímabils. Miðar fyrir vatns- og raforkumæla eru merktir með ártalinu þegar þeir voru löggiltir. Vatns- og raforkumælar sem settir voru upp fyrir nokkrum árum og fyrir bera ekki þetta merki. Sjá eftirfarandi miða:



Nýjar vogir og CE merkt mælitæki í ofangreindum flokkum þurfa ekki löggildingu fyrst í stað. Slík mælitæki skulu þá bera merki um að þau séu með þessa heimild sbr. miðana hér á eftir:



Vigtun.

Við beina sölu á neytandi að sjá á skjá vogarinnar eða viðbótarskjá. Vogin á að vera stillt á núll fyrir vigtun og ekkert má snerta vogarpall nema það sem vigta skal. Prentaðar niðurstöður skulu vera réttar, ótvíræðar og læsilegar.